

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fjórða ársfjórðungi 2012

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2012 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður mældist óhagstæður um 12,6 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 31,7 ma.kr. hagstæðan jöfnuð fjórðunginn á undan. Afgangur af vöruskiptum við útlönd var 27,9 ma.kr. en 6,8 ma.kr. halli á þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var hinsvegar neikvæður um 31 ma.kr. Viðskiptajöfnuður án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var óhagstæður um 1,5 ma.kr. samanborið við 51,9 ma.kr. hagstæðan jöfnuð fjórðunginn á undan.

Halli á þáttatekjum er eins og áður að miklu leyti vegna innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 16,3 ma.kr. og tekjur um 5,2 ma.kr. Neikvæð áhrif innlánsstofnana í slitameðferð á þáttatekjujöfnuð nema 11,1 ma.kr. Jöfnuður þáttatekna án áhrifa þeirra er því óhagstæður um 22,6 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.430 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 13.352 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 8.922 ma.kr. og hækka nettóskuldir um 14,6 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 2.453 ma.kr. og skuldir 3.495 ma.kr. og var hrein staða því neikvæð um 1.042 ma.kr. Nettóskuldir lækka um 95 ma.kr. á milli ársfjórðunga.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	<u>2011, IV</u>	<u>2012, I</u>	<u>2012, II</u>	<u>2012, III</u>	<u>2012, IV</u>
Viðskiptajöfnuður	-44,2	-46,1	-56,6	31,7	-12,6
Vöruskiptajöfnuður	16,1	18,2	7,0	22,4	27,9
Þjónustujöfnuður	-4,8	-5,7	8,2	36,5	-6,8
Þáttatekjujöfnuður og framlög, nettó	-55,6	-58,5	-71,7	-27,3	-33,7
Fjármagnsjöfnuður	25,9	4,9	-60,5	-96,7	-111,0
Fjármagnshreyfingar án forða	136,0	-116,7	-140,9	-420,8	-128,8
Erlendar eignir, nettó	345,2	71,2	153,1	-427,1	-8,1
Erlendar skuldir, nettó	-209,2	-187,9	-294,1	6,3	-120,7
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-110,1	121,6	80,5	324,1	17,9
Skekkiur og vantalið, nettó	18,3	41,1	117,1	65,1	123,7
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Viðskiptajöfnuður án áhrifa gömlu bankanna	-20,4	-15,6	-20,9	51,9	-1,5

Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma

	<u>2011, IV</u>	<u>2012, I</u>	<u>2012, II</u>	<u>2012, III</u>	<u>2012, IV</u>
Erlendar eignir, alls	4.435	4.707	4.271	4.394	4.430
Bein fjárfesting erlendis	1.414	1.479	1.539	1.563	1.313
Erlend markaðsverðbréf	922	921	866	900	1.068
Aðrar fjáreignir en forði	1.052	1.331	1.014	1.398	1.509
Gjaldeyrisforði	1.047	977	852	532	540
Erlendar skuldir, alls	13.705	13.878	13.374	13.302	13.352
Bein fjárfesting á Íslandi	1.553	1.677	1.627	1.656	1.597
Innlend markaðsverðbréf	2.553	2.366	2.279	2.029	1.524
Aðrar erlendar skuldir	9.600	9.835	9.467	9.616	10.231
Hrein staða við útlönd	-9.270	-9.170	-9.102	-8.908	-8.922
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Hrein staða við útlönd án innlánsstofnana í slitameðferð	-917	-911	-924	-1.137	-1.042

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.